

## Stjórnarfundur Leiknar 30. apríl, kl. 10:00-12.30 í Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

**Mættir:** Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Símei, Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskólans

**Fjarverandi:** Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Lóa Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Iðunn Antonsdóttir frá Námsflokkum Reykjavíkur og Hulda A. Arnljótsdóttir frá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

### Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar
2. Nýir einstaklingar í stjórn
3. Nordic-Baltic fundurinn
4. Önnur mál

## Undirbúningur aðalfundar

Dagskrá fundar sett upp. Hún verður send út 8. maí um leið og boðað verður til aðalfundar, sem gera þarf með ákveðnum fyrirvara. Aðalfundur verður 22. maí frá 10:00 -12:00. Byrjað á hamingjufyrirlestri. Lagt verður til að Hulda verði ritari og Eyrún fundarstjóri. Skýrsla stjórnar verður send á milli okkar fyrir fund. Betty byrjar að setja upp. Skýrsla og ársreikningar verða sendir á félagsmenn 12. maí. Fara þarf yfir heimasíðu og setja inn öll gögn fyrir aðalfund. Þar vantar m.a. fundargerð síðasta aðalfundar. Smári ætlar að sjá um það. Fara þarf yfir stefnumótunarfund fyrir aðalfund og tengja við skýrslu stjórnar, ásamt því að skoða fundargerð aðalfundar 2013. Fyrir aðalfund þarf að ljósrita – skýrslu stjórnar – ársreikninga – samþykktir Leiknar, ásamt því að senda út fyrir fund. Bettý og Gurra ætla að skoða reikninga fyrir aðalfund. Fundarpunktur verða settir upp í glærुकynningu til að nota við kynningu á störfum stjórnar. Skýrsla verður ekki lesin upp, enda þátttakendur fengið hana senda fyrirfram, ásamt því að þeir verða með hana ljósritaða.

Farið verður fram á að halda auka aðalfund að hausti þar sem farið verður yfir löginn eftir að stjórn hefur lagst yfir samþykktir og endurskoðaðar. Verður þá væntanlega í tengslum við fund Kvasis.

## Nýir einstaklingar í stjórn

Iðunn og Anna Lóa ganga úr stjórn. Þurfum einn skoðunarmenn og tvo varamenn í stjórn. Smári kemur inn sem aðalmaður og tillaga okkar að biðja Hauk hjá FRÆ og Iðunni hjá Iðunnni. Bettý ætlar að hafa samband við þau.

## Nordic Baltic fundurinn

Ætlum ekki að fara í norrænt samstarf á aðalfundi – ætlum að skoða málið eitt ár í viðbót og skoða og kynna okkur betur starfið. Fundargerð verður send út vegna Nordic – Baltic á þátttakendur. Eyrún sér um það ásamt því að senda til Smára sem setur á heimasíðu.

### Önnur mál

Þurfum að skoða samþykktir með það í huga að víkka út, fá fleiri inn sem sinna fullorðinsfræðslu, s.s. fyrirtæki, fyrirtækjaskóla og fleiri. Þá erum við enn að hugsa um hvort ekki eigi að sameina Leikn og Kvasir. Hvort það myndi ekki auðvelda alla vinnu og ná betri samleiðni. Viljum kalla stjórn Kvasis á fund og leggja þetta til og þá vonandi vinna saman og í sátt með að sameina. Svo þarf að samþykkja þetta á aðalfundi beggja samtakanna. Hugsanleg hugmynd að leggja bæði samtökin niður og stofna ein sameinuð. Ákveðið var að halda fjarfund 12. maí til að klára allt endanlega. Eyrún boðar á hann

Fleira ekki rætt og fundi slitið 11:45

Fundarritari: Eyrún Valsdóttir